



UMHVERFISSTOFNUN

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. september 2016  
UST201609-007/A.B.G.  
04.00

### Efni: Þingsályktunartillaga um náttúrustofur, 647. mál.

Umhverfisstofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar vegna tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 647. mál.

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í framlagðri tillögu til þingsályktunar einkum hvað varðar að nauðsynlegt er að tryggja að fjármagn og fagþekking nýtist sem best. Mikilvægt er að sett verði skýr markmið með samráði og samstarfi náttúrustofa og stofnana ríkisins sbr. 3 . mgr. 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin telur einnig mikilvægt staða náttúrustofa sé skýrð. Nokkur dæmi eru um lögbundin verkefni og samstarf náttúrustofa við stofnanir ríkisins en starfræksla þeirra byggir á sérstakri heimild ráðherra sbr. II. kafla laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Samkvæmt því er ekki skylt að starfrækja náttúrustofur.

Nauðsynlegt er að fyrir hendi sé á hverjum tíma samhæfðar verkefnaáætlanir sem taka til stofnana ríkisins og náttúrustofa þannig að vöktunar-, rannsóknarverkefnum o.fl. sé forgangsraðað til nokkurra ára í senn. Sú forgangsröðun þarf að byggja á mati á ástandi umhverfisins í viðkomandi byggð, ástandi umhverfisins á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.

Virðingarfullst

A. Blíne Gutt  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Svava Pétursdóttir  
Svava Pétursdóttir  
Lögfræðingur